

## Skólaráðsfundur 8.2.2022

**Mættir:** Ágúst Jakobsson skólastjóri, Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Katrín Anna Eyvindardóttir fltr. kennara, Halla Björg Ragnarsdóttir fltr. starfsfólks, Guðrún Yrsa Richter, Hrefna Marín Sigurðardóttir og Vilborg Garðarsdóttir fltr. foreldra.

### Dagskrá:

#### 1. Skóladagatal 2022-2023

Farið yfir drög að skóladagatali sem undirbúið hefur verið í samstarfi fulltrúa leik- og grunnskóla og mun fara fyrir skólanefnd á næstu dögum. Ekki gerðar athugasemdir við dagatalið að öðru leyti en lagt er til að í Flataskóla mun síðasti starfsdagur skólaársins verða sameiginlegur fyrir bæði skólastigin og verða dagsettur þann 19. maí (daginn eftir uppstigningardag)

#### 2. Húsnæðismál / aðgerðir vegna myglu

Rædd staða viðhaldsframkvæmda vegna þess að fram komu vísbendingar um myglu í norðurhluta miðálmu skólans. Skólinn hefur óskað eftir að fulltrúi verkfræðistofunnar sem tók myglusýnin fylgist með framkvæmdunum og að öllum varúðarreglum sé fylgt. Ábendingar um að hugsanlega þyrfti að tryggja betur lokun svæðisins. Skólaráð leggur áherslu á að áfram verði tekin sýni víðar um húsið til að tryggj sé að ekki sé um myglu að ræða í húsinu.

#### 3. Covid - staða mála

Farið yfir stöðuna. Smit eru að greinast í nemenda- og starfsmannahópnum og skólinn reynir eftir fremsta megni að upplýsa foreldra ef upp koma smit í árgöngum. Staðan er oft þung vegna mikilla forfalla starfsmanna og útlit fyrir að svo muni verða enn um sinn.

#### 4. Námsmat og upplýsingar

Umræður um námsmat og upplýsingar varðandi það. Fram kom ábending um að nýta ferilmöppurnar meira til að koma upplýsingum um námið og framvindu þess á framfæri.

#### 5. Opinn fundur skólaráðs skv. starfsáætlun

Stefnt að því að halda opinn fund í síðari hluta mars eða í apríl. Tímasetning ákveðin síðar.

#### 6. Skólapúls og læsispróf

Farið yfir niðurstöður læsisprófa frá í janúar. Þær eru svipaðar og verið hefur. Umræður um hvort skynsamlegt væri að auka vægi annarra þátta en leshraða í mati og framsetningu á niðurstöðum. Stjórnendur skólans taka það til skoðunar og umræðu.

Stefnt að næsta fundi þriðjudaginn 1. mars

